

Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Fundargerð 43. aðalfundar SSA,
haldinn í félagsheimilinu Herðubreið, Seyðisfirði
dagana 25. og 26. september 2009

Föstudagur 25. september.

Björn Hafþór Guðmundsson, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 10:00 og bauð fundarmenn velkomna á þennan fertugasta og þriðja aðalfund sambandsins. Sagði hann fundinn með örlítið breyttu sniði og fór yfir dagskrá hans.

Að inngangi formanns loknum skipaði hann **Arnbjörgu Sveinsdóttur** fundarstjóra.

Fundarstjóri, Arnbjörg, tók síðan við stjórn fundarins, bauð fundarmenn velkomna til Seyðisfjarðar og þakkaði auðsýnt traust og yfirfór nokkur praktísk atriði áður en hún skipaði **Daníel Björnsson** fundarritara.

Tæknimál annast **Þorsteinn Arason**.

Skipað í kjörbréfanefnd: Díana Mjöll Sveinsdóttir formaður, Soffía Lárusdóttir og Anna Pála Víglundsdóttir.

Skipað í nefndanefnd: Ólafur Ármannsson formaður, Íris Valsdóttir og Anna Sigríður Karlsdóttir.

Björn Hafþór kynnti skýrslu stjórnar starfsárið 2008 – 2009, sem liggur frammi. Skýrslan fylgir fundargögnum sem **Þingskjal nr. 2**. Vísað til allsherjarnefndar.

Þorvaldur Jóhannsson, framkvæmdastjóri, kynnti reikninga SSA 2008, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2009 og áætlun 2010. Ársreikningur, fjárhagsáætlun og greinargerð, fylgir sem **Þingskjal nr. 3, nr. 4 og nr. 5**. Vísað til fjárhagsnefndar. Skýrsla stjórnar vísað til fjárhagsnefndar sem **Þingskjal nr. 2**, sbr. ofangreint. Þorvaldur minnti á að skýrslur eftirtalinnna stofnana hefðu nú verið lagðar fram í gögnum fundarmanna og verði þeim vísað til viðeigandi starfsnefnda á fundinum.

A) Samgöngunefnd SSA.

Vísað til samgöngunefndar. **Þingskjal nr. 6.**

B) Heilbrigðiseftirlit Austurlands: Ársskýrsla HAUST 2008.

Vísað til allsherjarnefndar. **Þingskjal nr. 7.**

C) Menningarráð Austurlands: a) *Menningarsamstarf á Austurlandi 2008* og b) *Menningarstefna í þágu samfélagsins stefna í menningarmálum 2009-2014.*

Vísað til mennta- og menningarmálanefndar. **Þingskjal nr. 8a og 8b**

D) Þekkingarnet Austurlands: Ársskýrsla Þekkingarnets Austurlands 2008.

Vísað til mennta- og menningarmálanefndar. **Þingskjal nr. 9.**

E) Ferðamálasamtök Austurlands: Yfirlit um starfsemi samtakanna á liðnu ári.

Vísað til byggða- og atvinnumálanefndar. **Þingskjal nr. 10**

F) Markaðsstofa Austurlands: Skýrsla um starfsemi 2008-2009.

Vísað til byggða- og atvinnumálanefndar. **Þingskjal nr. 11.**

G) Vaxtasamningur Austurlands: Ársskýrsla 2008.

Vísað til byggða- og atvinnumálanefndar. **Þingskjal nr. 12**

1. Ávörp gesta:

Kristján L. Möller ráðherra sveitarstjórnarmála.

Karl Björnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Steingrímur J. Sigfússon 1. þingm. Norðausturkjördæmis og fjármálaráðherra.

Kristján L. Möller fór yfir stöðu ríkissjóðs og þann niðurskurð sem framundan er. Fé til vegaframkvæmda verður skorið verulega niður. Ræddi um stöðu sveitarfélaga og þann viðsnúning sem varð við fall bankanna. Taldi hann að gott samstarf hefði verið milli samgönguráðuneytis og sveitarfélaga. Fór hann yfir mikilvægi sameiningar sveitarfélaga og hversu brýnt það væri að efla staðbundið lýðræði. Einnig lagði hann áherslu á eflingu sveitarstjórnarstigsins með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Karl Björnsson, fór yfir þá erfiðleika sem brustu á hausið 2008 og hvernig sveitarfélögin brugðust við. Telur hann þau hafa brugðist vel við sem sýndi hversu sveigjanlega þau eru. Hann ræddi um hlutverk Jöfnunarsjóðs og hvernig fjármunum er úthlutað úr sjóðnum. Hann lagði áherslu á mikilvægi stöðugleikasáttmálans sem gerður var á milli ríkisvaldsins, sambandsins og aðila vinnumarkaðarins. Einnig ræddi hann samskipti ríkis og sveitarfélaga. Hann fór yfir það að búið sé að ræða um að efla sveitarstjórnarstigið með flutningi á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga í mjög langan tíma og að ekkert stórt verkefni hafi verið flutt síðan 1996. Ástæðan sé að það strandi alltaf á því fjármagni sem koma skal með verkefnum. Hann lagði áherslu á að niðurskurður hjá ríki megi ekki verða til þess að kostnaður hjá sveitarfélögum aukist. Að lokum tók hann fram hversu mikilvægt það er fyrir sveitarfélög að hafa aðgang að erlendum lánnum.

Steingrímur J. Sigfússon, byrjaði á að skila kveðju til fundarins fh. þingmanna Norðausturkjördæmis. Hann lagði áherslu hversu mikilvægt það væri nú að góð samskipti væru milli sveitarstjórnarmanna og þingmanna. Hann fór stuttlega yfir þau ósköp sem hafa dunið yfir íslenska þjóð og að það ætti sér enga hliðstæðu. Erfiðar ákvarðanir væru framundan og mikill niðurskurður. Vaxtakostnaður muni verða um 100 milljarðar á ári skv. fjárlagafrumvarpi 2010. Hans mat var að mikill munur væri á andrúmsloftinu á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Kreppan legðist þyngra á höfuðborgarsvæðið heldur en á landsbyggðina þar sem þenslan var að mestu leiti bundin við höfuðborgarsvæðið.

2. Heildarendurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Flosi Eiríksson formaður starfshóps. Flosi fór yfir tilurð og hlutverk nefndarinnar, hlutverk sjóðsins og markmið endurskoðunarinnar. Velti hann því upp hvert er hlutverk sveitarfélaga m.a. þau verkefni sem ekki eru lögbundin en teljast klárlega til hlutverka sveitarfélaga. Er fyrirkomulag á fjármögnun Jöfnunarsjóðs nú eins og best verður á kosið? Fjármögnun sjóðsins sveiflast með tekjum ríkis. Í lokin fór hann yfir tillögur nefndarinnar til breytinga á sjóðnum.

Fyrirspurnir.

Eiríkur Bj. Björgvinsson spurðist fyrir um hvenær nefndin ætlaði að skila af sér? Flosi svaraði því til að nefndin geri ráð fyrir að skila af sér fyrir jól.

3. Kynning á starfi lýðræðishóps Sambands ísl. sveitarfélaga. Soffía Lárusdóttir form. starfshóps.

Fór yfir skipun og tilgang starfshópsins. Siðareglur. Endurskoðun sveitarstjórnarlaga.

Fyrirspurnir og umræður:

Guðmundur R. Gíslason velti m.a. upp þeirri spurningu hvort persónukjör muni verða til þess að fleiri gefi kost á sér til kjörs til sveitarstjórna með persónukjöri og hafði efasemdir um að svo væri. Soffía tók undir þessa gagnrýni og taldi að þessi aðferð eigi ekki eftir að auðvelda það að fá gott fólk í framboð fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Björk Sigurgeirsdóttir spurði til hvers ætti að setja siðareglur ef þær hefðu ekki lagalegt gildi og engin viðurlög? Soffía sagði siðferði mjög huglægt hugtak og ekki gott að setja í lagatexta og einnig auðvelt að misnota það pólitískt.

4. Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga í SSA. Þingskjal nr. 13. Björn Hafþór Guðmundsson form. starfshóps SSA og Björg Ágústsdóttir verkefnastjóri Alta ehf.

Björg fór yfir skipun og tilgang hópsins. Rakti tilgang landshlutasamtaka eins og SSA og hversu mikilvægur samstarfsvettvangur samtökin er. Vilji er til þess að SSA séu meira í forystu en nú er. Lögð er áhersla á að SSA verði ekki að „bákni“ heldur góður samstarfsvettvangur. Starfssvæði SSA sé nú hentugt. Þörfin fyrir skilvirkt samstarf sé aldrei mikilvægari sem og samstaða sveitarfélaga. SSA verði áfram til sem frjór og öflugur samstarfsvettvangur. Nýta þarf og auka samlegð í starfsemi SSA og stoðstofnana. Starfshópurinn telur að fela eigi SSA forystuhlutverk til þessa.

Björn Hafþór ræddi um persónukjör til sveitarstjórnarkosninga og eflingu sveitarstjórnarstigsins með sameiningu sveitarfélaga og flutninga á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga. B. Hafþór telur að sameining þurfi að gerast með valdboði.

Fyrirspurnir og umræður:

Guðmundur R. Gíslason: Var rætt í þessum hópum um „Sveitarfélagið Austurland“? Sv. BHG Það var rætt en kom ekki mjög skýrt fram fyrr en á málþinginu 26. ágúst sl..

Valdimar Hermannsson: Er það rétt skilið að nefndin eigi að leggja tillögur fyrir aukaaðalfund í vor? Sv. BHG Verið er að reyna að vekja viðbrögð og spurningar fyrir aukaaðalfund þess vegna eru ekki stórar veigamiklar tillögur í skýrslunni.

Baldur Pálsson: Telur að menn eigi að skoða í alvöru „Sveitarfélagið Austurland“.

Jens Garðar: Vonast eftir tillögum til hagræðingar í þessum tillögum í vor.

Soffía Lárusdóttir: Fjallaði um störf nefndarinnar og áherslur.

Stefán Bogi Sveinsson: Lýsir ánægu sinni með að sveitarstjórnarmenn séu að ræða um að eitt sveitarfélag verði til á Austurlandi.

Skýrslunni vísað til Samstarfsnefndar sem þingskjal nr. 13.

Fundarhlé og hádegisverður kl. 12.40 – 13.30

5. Samstarfsverkefni SSA og ÞFA:

A: Samgöngu-öxlarnir 3 á Austurlandi. Þingskjal nr. 14.

B: Úrgangsstjórnun á Austurlandi. Þingskjal nr. 15.

C: Stefna í málefnum nýrra íbúa. Þingskjal nr. 16.

Hafliði Hafliðason verkefnisstjóri ÞFA

Sigríður H. Pálsdóttir móttökustjóri íbúa í Fjarðabyggð.

Hafliði fór yfir samgönguöxlana 3 á Austurlandi en þeir eru alþjóðaflugvöllurinn á Egilsstöðum, Ferjuhöfnin á Seyðisfirði og Mjóeyrarhöfn í Fjarðabyggð og framtíðarsýn þeim tengdum.

Vísað til samgöngunefndar sem þingskjal nr. 14.

Hafliði fór yfir úrgangsstjórnun á Austurlandi og samvinnu sveitarfélaga við verkefnið.

Vísað til allsherjarnefndar sem þingskjal nr. 15.

Sigríður H. Pálsdóttir fór yfir stefnu í málefnum nýrra íbúa sem starfshópur SSA hefur skilað af sér til aðildarsveitarfélaganna.

Vísað til byggða- og atvinnumálanefndar sem þingskjal nr. 16.

Sigríður fór einnig í stuttlega yfir hvernig Fjarðabyggð tekur á móti nýjum íbúum.

Fyrirspurnir og umræður:

Eiríkur Bj. Björgvinsson: Benti þingmönnum á að varaflugvallagjald ætti að koma til uppbyggingar og viðhalds flugvalla.

Hann benti á mikilvægi úrgangsverkefnisins sem gengi út á að minnka magn úrgangs.

Hann lagði áherslu á að það bæri að nýta þá reynslu sem er til á Austurlandi í málefnum nýrra íbúa.

6. Tillögur til aðalfundar:

A: Álit kjörbréfanefndar. Díanu Mjöll Sveinsdóttir formaður skilaði tillögum kjörbréfanefndar en kjörbréfanefnd skipa auk hennar Soffía Lárusdóttir og Anna Pála Víglundsdóttir. Þingskjal nr. 17:

Fjarðarbyggð: 15

Díanu Mjöll Sveinsdóttir

Eiður Ragnarsson

Guðmundur R Gíslason

Guðmundur Þorgrímsson

Íris Valsdóttir

Jens Garðar helgason

Jóhanna Hallgrímsdóttir

Jón Björn Hákonarson

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir

Kristín Ágústsdóttir

Sigrún Birna Björnsdóttir

Smári Geirsson

Valdimar O. Hermannsson

Þorbergur Hauksson

Ævar Ármannsson

Fljótshérað: 12

Anna Sigríður Karlsdóttir
Árni Ólafsson
Baldur Pálsson
Björn Ármann Ólafsson
Eiríkur Bj. Björgvinsson
Guðmundur Ólafsson
Gunnar Jónsson
Jónas Guðmundsson
Soffía Sigurjónsdóttir
Soffía Lárusdóttir
Þorsteinn Bergsson
Þráinn Lárusson

Vopnafjörður: 3

Aðalbjörn Björnsson
Anna Pála Víglundsdóttir
Þórdís Þorbergsdóttir

Seyðisfjörður: 3

Katrín Reynisdóttir
Ólafur Hr. Sigurðsson
Vilhjálmur Jónsson

Breiðdalshreppur: 2

Páll Baldursson
Unnur Baldursdóttir

Djúpivogur: 2

Andrés Skúlason
Björn Hafþór
Guðmundsson

Borgarfjörður: 1

Jón Þórðarsson

Fljótshreppur: 1

Gunnþórunn Ingólfisdóttir

Samþykkt samhljóða.

B: Tillögur nefndanefndar. Ólafur Ármannsson. Þingskjal nr. 18:

Kjörbréfanefnd: Díana Mjöll Sveinsdóttir

Soffía Lárusdóttir

Anna Pála Víglundsdóttir

Nefndanefnd : Ólafur Ármannsson

Anna Sigríður Karlsdóttir

Íris Valsdóttir

Allsherjarnefnd : Ólafur Hr. Sigurðsson / Ólafur Ármannsson

Unnur Baldursdóttir

Jens Garðar Helgason

Sigrún Birna Björnsdóttir

Valdimar O Hermannsson

Soffía Lárusdóttir

Byggða og atvinnumálanefnd : Guðmundur Ólafsson

Þórdís Þorbergsdóttir

Díana Mjöll Sveinsdóttir

Kristín Ágústsdóttir

Gunnar Jónsson

Baldur Pálsson

Fjárhagsnefnd : Gunnþórunn Ingólfisdóttir

Vilhjálmur Jónsson

Ævar Ármannsson

Mennta og menningarmálanefnd : Páll Baldursson

Íris Valsdóttir

Jóhanna Hallgrímsdóttir

Jón B. Hákonarson

Soffía Sigurjónsdóttir

Þorsteinn Bergsson

Þráinn Lárusson

Samgöngunefnd : Björn Ármann Ólafsson

Andrés Skúlason

Anna S Karlsdóttir

Jón Þórðarson

Eiður Ragnarsson

Guðmundur Þorgrímsson

Katrín Reynisdóttir

Kjörnefnd: Guðmundur R. Gíslason

Jónas Guðmundsson

Anna Pála Víglundsdóttir

Samstarfsnefnd : Smári Geirsson

Eiríkur B. Björgvinsson

Aðalbjörn Björnsson

Björn Hafþór Guðmundsson

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir

Þorbergur Hauksson

Samþykkt samhljóða.

C: Tillögur frá stjórn og fullrúum.

Frá stjórn:

Til byggða- og atvinnumálanefndar. Guðmundur Ólafsson. **Þingskjal nr. 19.**

Sjá tillögur, umræður og afgreiðslu byggða- og atvinnumálanefndar nr. 1 – 10 bls. 16 – 19.

Til mennta- og menningarmálanefndar. Páll Baldursson. **Þingskjal nr. 20.**

Sjá tillögur, umræður og afgreiðslu mennta- og menningarmálanefndar nr. 1 – 11 bls. 14 – 16.

Til samgöngunefndar. Björn Ármann Ólafsson. **Þingskjal nr. 21.**

Sjá tillögur, umræður og afgreiðslu samgöngunefndar (framτίðarsýn í landsamgöngum á austurlandi – vegamál, jarðgöng, Vegagerðin, hafnamál, flugsamgöngur, framτίð Reykjavíkurflugvallar og fjarskiptamál.) bls. 12 – 14.

Til allsherjarnefndar. Ólafur Hr. Sigurðsson. **Þingskjal nr. 22.**

Sjá tillögur, umræður og afgreiðslu allsherjarnefndar nr. 1 – 7 bls. 10 – 11.

Frá fulltrúum:

Þorsteinn Bergsson:

Þingskjal nr. 23 (sauðfjárveikivarnir).

Sjá tillögur, umræður og afgreiðslu byggða- og atvinnumálanefndar nr. 11 bls. 18.

Vísað til byggða- og atvinnumálanefndar.

Fundi frestað kl. 14.40.

Nefndir að störfum frá kl. 15:00 til 17:30

Laugardagur 26. september.

Nefndir að störfum frá kl. 09:00 – 9:50

Fundi framhaldið kl. 10:10

Þema: Austurland, landshluti í sókn

7. Sóknaráætlun Austurlands. Stefán Stefánsson framkvæmdastjóri. Þróunarfélags Austurlands. Stefán fór yfir tilurð sóknaráætlunarinnar. Hann taldi að öll samfélög þurfi uppeldi og áætlun er nauðsynlegt tól til þess að hægt sé að breytast og vaxa. Mikið er til af upplýsingum hjá stoðstofnunum úr rannsóknum og verkefnum, sem hægt er að nýta og því óþarfi að finna upp hjólið. Úr þessum upplýsingum verður útbúinn gagnagrunnur sem kynntur verður sveitarfélögum nú fyrir

áramót. Heildarsóknaráætlun fyrir Ísland verður lögð fyrir Alþingi.

8. Ferðaþjónusta í sókn. Ásta Þorleifsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Austurlands.

Ásta fór yfir stöðu ferðaþjónustunnar á Austurlandi. Tækifæri eru til að nýta vetrartímenn betur. Mikil fjölgun gesta var á Austurlandi í sumar. Hönnunarvara og handverk seldist mjög vel. Veitingahús eru komin á kortið sem góðir veitingastaðir. Fjöldi gönguhópa vex og töluvert kemur af körlum, kannski 2-3 saman til að ganga. Ferðamenn koma fyrst og fremst til þess að njóta náttúrunnar, bæði íslenskir og erlendir. Hvernig lengjum við ferðamannatímenn? Markaðsstofan er að leggja áherslu á að lengja tímenn núna á vorin. Hægt er að bjóða upp á snjósleðaferðir fram í júní. Verið er að gera vetrarþjónustumyndband. Verið er að markaðssetja heilsuferðir, hreindýra- og fuglaskoðun ofl. Verið er að vinna „ómótstæðilegt“ kynningarefni.

9. Menning / listir í sókn. Signý Ormarsdóttir framkvæmdastjóri Menningarráðs Austurlands.

Signý lagði áherslu á að sveitarstjórnarmenn verði að gera sér grein fyrir hversu mikilvægu hlutverki menning og listir gegna. Það sem ber að varðveita er menningararfurinn, náttúran og fólkið sjálft. Nefndi hún að það væri áberandi að ungt fólk frá Austurlandi væri í listnámi hér heima og einnig erlends. Fór hún síðan yfir undirbúning fyrir nýja stefnu í menningarmálum og samvinnu menningarráða. Nú liggur fyrir stefna í menningarmálum á Austurlandi 2009-2014 – Menningarstefna í þágu samfélags – sem lokið var við að móta í mars 2009. Lagði hún áherslu að sveitarstjórnarmenn hefðu stefnuna að leiðarljósi þegar þeir fjölluðu um menningarmál sveitarfélaga sinna.

10. Menntun / þekking í sókn. Stefanía Kristinsdóttir framkvæmdastjóri Þekkingarnets Austurlands.

Stefanía fór yfir starfsemi og hlutverk Þekkingarnets Austurlands og einnig helstu verkefni 2009. Mikil aukning er í fjarnámi og símenntun. Greinilega að kvikna mikill áhugi á aukinni menntun. Staðbundið háskólanám hefur lengi verið í umræðunni á Austurlandi og ýmsar hugmyndir komið fram í þeim efnum. Mikilvægt er að sveitarfélögin ræði um hvert hlutverk PNA eigi að vera og komi sér saman um stefnu. Það er einnig mikilvægt að miðla því sem verið er að gera hér t.d. til háskóla svo fólk viti af okkur og fái það til að koma til Austurlands.

11. Nýsköpun í sókn. Bjarni E. Ísleifsson verkefnastjóri Impru á Austurlandi.

Bjarni fór yfir grunnhugsunina sem er á bak við nýsköpunarmiðstöðvar. Sóknartækifæri eru mikil í nýsköpun. Hann upplýsti um styrkjamöguleika fyrir nýsköpunarfyrirtæki. Hann telur að klasasamstarf sé vannýtt á Austurlandi og því tækifæri þar fyrir aðila á Austurlandi að nýta sér klasasamstarf.

12. Sveitarfélög í sókn: Málefni fatlaðra til sveitarfélaga 2011. Soffía Lárusdóttir forseti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs og framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Austurlandi.

Soffía fór yfir helstu kosti og ástæður fyrir flutningi á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Upplýsti hún um þá vinnu sem hefur verið í gangi, s.s. breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga til þess að standa undir þessum málaflokki og aðkomu Jöfnunarsjóðs. Hún fór yfir þann tímaramma sem gerður hefur verið í kringum verkefnið. Sveitarfélög á starfssvæði SSA eru vel á veg komin í þessum efnum. Stefnan er að þjónustan verði boðin í heimasveitarfélagi. Hún telur sóknarfæri fyrir sveitarfélög á Austurlandi að taka við þessum málaflokki. Tilfærslan er mikilvægur liður í því að stækka og efla byggð á Austurlandi.

13. Sóknaráætlanir – samþætting áætlana. Kristinn Tryggvi Gunnarsson verkefnastjóri.

Kristinn er verkefnastjóri sóknaráætlunar ríkisstjórnarinnar sem kallast 20/20. Áætluninni er ætlað að veita viðspyrnu við kreppunni og koma okkur á beinu brautina á sem stystum tíma. Það eru margir hagsmunaaðilar sem koma að þessu stóra verkefni. Hann fór yfir hvernig ferlið er og hvað búið er að

gera. Reiknað er með að vera með allar samþættar áætlanir tilbúnar fyrir haustþing 2010. Stærsta málið í þessu er umsóknaraðild að Evrópusambandinu þar sem mikil aðstoð fæst þegar umsókn fæst samþykkt, hvort sem samþykkt verður að ganga svo í sambandið.

14. Umræður og fyrirspurnir.

B. Hafþór Guðmundsson: Þakkaði fyrir þessar áhugaverðu framsögur. Greinilegt að mikil sóknarfæri fyrir hendi.

Þorvaldur Jóhannsson: Þakkaði fyrir framsögurnar. Er aura að vænta úr þessum Evrópupotti? Sv. Kristinn sagði að aðgangur fengist að ráðgjöf en vissi ekki um bein fjárframlög.

Katrín Reynisdóttir: Kemur sóknaráætlun fyrir Austurland til með að nýtast sveitarfélögum? Sv. Stefán sagði að þessi áætlun muni klárlega nýtast sveitarfélögum.

Þuríður Bachman: Sagði að samhugur og samstarf væri það sem skipti máli. Hvernig á að tengja þá sóknarvinnu sem búið er að vinna við þessa vinnu? Sv. Kristinn sagði að þeir væru meðvitaðir um þá vinnu sem búið er að vinna í landshlutunum og að það yrði byggt á þeirri vinnu.

Ásta Þorleifsdóttir: Af hverju er ekki minnst á þær frumatvinnugreinar sem eru á Austurlandi; landbúnað og sjávarútveg? Sv. Kristinn Tryggvi: Þær eru að bætast í hópinn.

Baldur Pálsson: Hvernig lítið þið á ef Austurland yrði eitt sveitarfélag, yrði þetta ekki allt auðveldara þá? Signý telur þetta vera til bóta í þessari vinnu. Stefanía segir að það komi sér vel fyrir stoðkerfin. Ásta heldur að það sé til hins góða en að hver staður verði að fá að njóta sinnar sérstöðu.

Ólafur Hr. Sigurðsson: Er nægt fjármagn sem kemur til með að koma með flutningi við þjónustu aldaðra? Mun þetta ekki auka kostnað á félagsþjónustuna? Er ekki spennandi að skoða hvort sérfræðiþjónusta skólaskrifstofu fari ekki í þennan pakka líka? Sv. Soffía telur að vanda verði vel undirbúning og kostnaðargreiningu til þess að nægt fjármagn fylgi málaflöknum. Ýmislegt hægt að gera til þess að gera þennan málaflökk hagkvæmari.

Jón Björn Hákonarson: Er áætlunin 20/20 til komin vegna efnahagshrunsins eða er það vegna umsóknarinnar um aðild að Evrópusambandinu? Hvers vegna er ekki minnst á landbúnað og sjávarútveg? Sv. Kristinn segir 20/20 ekki vera Evrópusambandsþrógramm. Svona stefna hefur aldrei verið unnin fyrir Ísland. Landbúnaður og sjávarútvegur mun að sjálfsögðu eiga stóran sess í stefnunni.

Smári Geirsson: Gríðarlega mikilvægt að vinna sóknaráætlun út í landshlutunum. Aðeins ein manneskja í þessum hópum utan að landi. Alvarlegur ágalli þar sem kostnaður utan ferðakostnaðar í nefndir sem ekki eru lögbundnar þurfa samtök að greiða sjálf. Smári óskaði eftir eftirfarandi bókun og að henni yrði komið á framfæri:

„Ég geri mjög alvarlegar athugasemdir við að ekki skuli vera fólk af landsbyggðinni í verefnishóp um sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar 20/20“.

Hér frestar fundarstjóri fundi fram yfir hádegisverðarhlé.

Hádegisverður

15. Afgreiðsla nefndarálita og umræður

i) Samstarfsnefnd

Smári Geirsson mælti fyrir tillögunum:

1. 43. aðalfundur SSA, haldinn á Seyðisfirði 25.-26. september 2009, samþykkir tillögur starfshóps SSA sem fram koma í skýrslu um framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga í SSA. Á grundvelli tillagnanna verði:
 - ✓ farið í skoðun á samstarfsmöguleikum SSA og stoðstofnana með það að markmiði að ná megi hagræðingu í starfseminni, koma í veg fyrir skörun verkefna, nýta sem best auðlindir og krafta, einfalda stjórnsýslu og bæta aðgengi notenda að þjónustunni.
 - ✓ skipaður starfshópur af stjórn SSA til að hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd þessarar vinnu. Framkvæmdastjóri vinni með starfshópi.
 - ✓ samráð haft við fulltrúa stoðstofnana og eigendur þeirra (s.s. ríkið) við mótun sameiginlegra tillagna um framtíðarskipan viðkomandi starfsemi.
 - ✓ endanlegar tillögur starfshópsins teknar til umræðu og afgreiddar á aukaaðalfundi SSA sem haldinn verði eigi síðar en fyrirhluta marsmánaðar 2010.
2. 43. aðalfundur SSA, haldinn á Seyðisfirði 25. - 26. september 2009, samþykkir að fela stjórn SSA að skipa starfshóp sem hafi það meginverkefni að fjalla um hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna á starfssvæði SSA í eitt sveitarfélag. Hópnum er falið eftirfarandi:
 - ✓ að gera tillögur að stjórnkerfi nýs sameinaðs sveitarfélags
 - ✓ að leita eftir samvinnu við ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála um mögulega sameiningu
 - ✓ að kanna vilja ríkisvaldsins til sameiginlegrar stefnumörkunar um opinberar framkvæmdir og verkaskiptingu slíks sveitarfélags og ríkisvaldsins
 - ✓ að fjalla um þau áhrif sem tilkoma hins nýja sveitarfélags hefði í för með sér fyrir austfirskt samfélag með sérstakri áherslu á þau tækifæri sem sköpuðustHér er um að ræða ótvírætt tímamótaverkefni, sem ekki á sér hliðstæðu á Íslandi. Því er mikilvægt að allir sem að því koma standi að því af metnaði og með vönduðum hætti.

Umræður: Jón Björn Hákonarson, Ólafur Hr. Sigurðsson, Guðmundur Ólafsson tóku til máls.

Tillaga 1 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 2 borin upp og samþykkt samhljóða.

ii) Allsherjarnefnd.

Ólafur Hr. Sigurðsson mælti fyrir tillögunum:

(1) Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. – 26. september 2009 ítrekar enn einu sinni að það er vilji sveitarfélaga á Austurlandi að Heilbrigðiseftirlit Austurlands fari með eftirlit með starfsemi á Austurlandi sem Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfi fyrir. Sætir furðu að ríkisstofnun skuli árum saman hundsá vel rökstuddar óskir þar um þrátt fyrir að fyrir liggi stuðningur alþingismanna Norðausturkjördæmis og viljayfirlýsing umhverfisráðuneytisins, svo og stefna ríkisstjórnar Íslands um tilflutning verkefna út á land.

Enn frekar veldur það áhyggjum að með matvælafrumvarpi sem liggur fyrir Alþingi stendur til að færa eftirlitsverkefni vegna kjötvinnslu, kjötpökkunar og mjólkurstöðva frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til ríkisrekinnar Matvælastofnunar, þ.e. öfugt við fyrrnefnda stefnu ríkisstjórnarinnar um flutning verkefna

út á land og einföldun eftirlits í landinu. Aðalfundurinn skorar á ráðherra og alþingismenn að vinna að breytingum á lögum sem skýri betur verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunnar annars vegar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga hins vegar.

(2) Ályktun um heilbrigðisþjónustu.

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009, skorar á yfirvöld heilbrigðismála og ríkisstjórn Íslands, að standa vörð um núverandi heilbrigðisþjónustu í fjórðungnum og halda áfram að efla og styrkja heilbrigðiskerfið á Austurlandi sem einn mikilvægasta grunnþátt nauðsynlegrar þjónustu við íbúa á svæðinu. Íbúar Austurlands eiga skýlausan rétt á góðu aðgengi að úrvals heilbrigðisþjónustu, eins og aðrir landsmenn.

(3) Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA).

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 skorar á Alþingi, fjárveitingavaldið og yfirvöld heilbrigðismála að sjá til þess að fjárframlög til stofnunarinnar taki mið af raunverulegri starfsemi hennar og getu. Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) er einn af hornsteinum opinberrar þjónustu í fjórðungnum. Með aukinni tækjavæðingu, getu og tiltrú á stofnunina, þá er hún nú færari um að sinna stærri hluta þeirrar heilbrigðisþjónustu sem áður var sinnt á höfuðborgarsvæðinu með tilheyrandi tilkostnaði ríkisins og þeirra íbúa sem á þjónustunni þurfa að halda.

(4) Áskorun til stjórnar HSA.

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 skorar á stjórn HSA að taka aftur upp reglulegar heimsóknir læknis til Borgarfjarðar eystri, enda um hverfandi lítinn kostnað að ræða en mikið öryggis- og hagsmunamál fyrir Borgfirðinga.

(5) Ályktun um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. – 26. september 2009 skorar á ríkisvaldið að ljúka sem fyrst heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þá leggur fundurinn áherslu á mikilvægi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þannig að hann standi undir nafni. Leggja verður ríkari áherslu á það hlutverk Jöfnunarsjóðs að tryggja að hægt sé að veita sömu þjónustu við íbúa landsins óháð búsetu. Þetta verður að hafa að leiðarljósi við endurskoðun á reglum sjóðsins sem mikilvægt er að hraðað verði og lokið sem fyrst. Fundurinn leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að landshlutasamtökum sveitarfélaga verði áfram tryggð framlög úr sjóðnum.

(6) Flutningur á þjónustu frá ríkisvaldi.

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. – 26. september 2009 felur stjórn SSA að skipa nefnd sem undirbýr flutning þjónustu við fatlaða frá ríkisvaldi til sveitarfélaga, sem áætlaður er 1. janúar 2011. Nefndina skipi 5 fulltrúar, fjórir frá sveitarfélögnum og einn frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi. Framkvæmdastjóri SSA og fulltrúar félagsþjónustunnar á Austurlandi starfi með nefndinni. Hlutverk nefndarinnar verði að gera tillögu til sveitarfélaga á Austurlandi um þjónustusvæði, markmið og samþættingu þjónustunnar sem og kostnaðargreiningu.

(7) Fráveitumálefni.

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. – 26. september 2009 skorar á ríkisvaldið að framlengja kostnaðarþátttöku ríkisins í lögbundnum fráveituframkvæmdum sveitarfélaga.

Engar umræður.

Tillaga 1 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 2 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 3 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 4 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 5 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 6 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 7 borin upp og samþykkt samhljóða.

iii) Samgöngunefnd.

Björn Ármann Ólafsson mælti fyrir tillögnum:

Framtíðarsýn í landsamgöngum á Austurlandi.

Framtíðarsýn í landsamgöngum á Austurlandi byggist á þremur meginásam í austfirsku atvinnulífi. Þeir eru Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði, Ferjuhöfn í Seyðisfirði og Flugvöllur á Egilsstöðum.

Litið sé á að þessir meginásar séu þau svæði sem eiga eftir að skila Austfirðingum öllum auknum atvinnutækifærum, og því nær sem þessir staðir eru hvor öðrum í tíma, þeim mun meiri líkur eru að tækifærin nýtist öllum Austfirðingum.

Því leggur SSA til að sú leið verði farin sem hér segir í því að byggja upp samgöngur til framtíðar á Austurlandi.

Leitast verði við að stytta allar meginleiðir milli þessara þriggja ása sem nefndir eru hér að ofan. Með tryggum heilsárssamgöngum og hámarksstyttingu, verður meginpartur Austurlands orðinn að einu atvinnu- og þjónustusvæði.

Skilgreining á þjónustusvæði hefur til þessa falist í 100km radíus frá þjónustukjarna og skilgreining atvinnusvæðis hefur falist í 50km radíus frá vinnustað.

Ljóst er að uppbygging þjónustu og atvinnutækifæra á jaðarsvæðum verður auðveldari eftir því sem vegalengdir innan fjórðungsins stytta.

Ssa er ljóst að þessi framtíðarsýn er langtímamarkmið og því telur fundurinn að ekki sé ástæða til að setja þessa áætlun í tímaramma, en það er auðvitað að hluta til tilkomið vegna þess óvissuástands sem er í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Fundurinn er sammála um að áherslur á vegabætur byggist ætíð á eftirtöldum forsendum:

- Öryggi vegfarenda.
- Umferðarþunga.
- Styttingu vegalengda.
- Tryggum heilsárssamgöngum.

Á tímabilinu 2011 – 2022 verði löggð áhersla á eftirfarandi þætti:

- Að viðhalda því vegakerfi sem nú þegar hefur verið byggt upp og endurbæta það. Einnig þarf að tryggja fjármagn í þær framkvæmdir sem nú þegar hafa verið ákveðnar og undirbúnar.
- Að leggja alla stofn- og tengivegi í fjórðungnum bundnu slitlagi
- Markviss fækkun einbreiðra brúa
- Markviss stytting vegalengda.
- Veggöng til að tryggja öryggi, heilsárssamgöngur og stytta vegalengdir
- Að efla almenningsamgöngur í fjórðungnum.

Vegamál

1 Að eftirtaldir kaflar á þjóðvegi 1 verði forgangsverkefni og að þeim verði lokið sem allra fyrst:

- í Berufjarðarbotni.
- í Breiðdal.
- í Skriðdal.

2. Að auknu fjármagni verði veitt til nýframkvæmda, með tilliti til öryggis, umferðarþunga styttinga og uppbyggingar, s.s.
 - um Jökulsárhlíð.
 - á Borgarfjarðarvegi.
 - Mjóafjarðarheiði.
 - í Fáskrúðsfirði.
 - í Stöðvarfirði.
 - á Öxi.
 - Um Reyðarfjarðarbotn.
3. Að mikilvægt sé að auka verulega vetrarþjónustu Vegagerðarinnar í fjórðungnum til að tryggja öruggar heilsárssamgöngur milli allra byggðakjarna. Fundurinn telur algerlega óásættanlegt að dregið verði úr vetrarþjónustu og minnka með því öryggi á vegum í fjórðungnum. Leggja skal áherslu á að þau þjónustustig sem eru skilgreind, séu haldin og stækka þau svæði sem þjónustustig 2 nær til.
4. Að auknu fé verði veitt í þjóðvegi sem liggja um þéttbýli í fjórðungnum, en viðhaldi og endurbótum er víða ábótavant.

Jarðgöng

1. Bent skal á að margítrekað hefur Sambandið ályktað um að næstu jarðgöng á Austurlandi eigi að vera Norðfjarðargöng, Vopnafjarðargöng og Seyðisfjarðargöng.
2. Fundurinn lítur svo á að Norðfjarðargöng verði fyrsti hluti svokallaðra Miðfjarðaganga sem eru jarðgöng frá Eskifirði um Norðfjörð, Mjóafjörð, Seyðisfjörð til Héraðs. Því þurfi að tryggja fjármagn til áframhaldandi rannsókna og undirbúnings þessa verkefnis. SSA telur það algerlega óásættanlegt að engar fjárveitingar séu settar til rannsókna og undirbúnings á næstu göngum á Austurlandi til samræmis við samþykktir aðalfunda landshlutasamtakanna um þessi mál. Mjög brýnt er að sérgreindar verði sérstakar rannsóknar- og undirbúningsfjárveitingar til jarðganga milli Vopnfjarðar og Héraðs annars vegar og hins vegar til ganga á Miðausturlandi.

Vegagerðin

Fundurinn lítur á það sem sjálfsagt mál að vegamál og umsýsla þeirra sé staðsett í fjórðungnum, og krefst þess að öll nærþjónusta vegagerðarinnar svo sem viðhald og vetrarþjónusta verði flutt heim í hérað. Skipurit Vegagerðarinnar verði endurskoðað með það í huga að koma þessari vinnu aftur til baka á sinn stað í fjórðungnum.

Hafnamál

Fundurinn fagnar því að gildistöku 24. gr. hafnarlaga, sem fjallar um ríkisstyrktar framkvæmdir, hafi verið frestað til 2011 og leggur áherslu á að löggin verði endurskoðuð. Á meðan endurskoðun er í gangi verði haldið áfram að styrkja hafnarframkvæmdir sem falla undir núverandi ákvæði. Einnig verði auknu fjármagni veitt í nýframkvæmdir.

Flugsamgöngur

1. Að Egilsstaðaflugvöllur verði byggður upp þannig að völlurinn uppfylli ýtrustu kröfur sem varaflugvöllur í millilandaflugi .
2. Norðfjarðarflugvöllur verði endurbættur þannig að hann megi þjóna sjúkraflugi sem best.

3. Að ein af þyrlum landhelgisgæslunnar verði staðsett í fjórðungnum.

Framtíð Reykjavíkurflugvallar

Fundurinn minnr á að Reykjavík er höfuðborg allra landsmanna og staðsetning Reykjavíkurflugvallar er einn stærsti kostur flugvallarins. Fundurinn krefst þess að öllum vafa um framtíð vallarins verði eytt hið fyrsta þannig að uppbygging samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll geti hafist sem allra fyrst.

Í Reykjavík eru fyrirtæki og stofnanir sem eiga að þjóna öllum íbúum landsins s.s. á sviði heilbrigðisþjónustu, menntunar, fjármálastarfsemi, stjórnsýslu, verslunar, dóms- og öryggismála. Ætli Reykjavík að standa undir nafni sem höfuðborg alls landsins er nauðsynlegt að ráðamenn átti sig á þeirri staðreynd að stór hluti landsmanna sækir nauðsynlega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum.

Fjarskiptamál

Fundurinn fagnar þeim árangri sem náðst hefur í uppbyggingu á GSM sambandi við flesta vegi í fjórðungnum og leggur áherslu á að henni verði lokið sem fyrst. Fundurinn leggur enn fremur mikla áherslu á að allir hafi sama aðgang að háhraðanettengingum á Austurlandi.

Umræður: Jens Garðar bar fram tvær breytingartillögur:

- Á bls. 2 lið 2 Vegamál verði bætt við upptalningu verkefna: „um Reyðarfjarðarbotn“.
- Að mynd sem sýnir framtíðarsýn í vegamálum verði bætt við tillöguna.

Ólafur Hr. Sigurðsson: Hefur áhyggjur að það eigi að skerða þjónustu í vegasamgöngum og að það eigi að fara að stýra vetrarsamgöngum frá Reykjavík. Hann er ekki sáttur við að hafa kortið inni skv. tillögu Jens m.a. vegna þess að kortið er ekki rétt.

Björn Ármann Ólafsson, B. Hafþór Guðmundsson, Jens Garðar, Katrín Reynisdóttir, Guðmundur Ólafsson, Þorvaldur Jóhannsson, Jón Björn Hákonarson og Eiður Ragnarsson tóku til máls um tillöguna og mæltu flestir gegn því utan JGH og ER, að umrætt kort yrði hluti tillögu um vegamál, m.a. vegna ónógrar vinnu og samstöðu um þá mynd sem þar er dregin upp.

Fyrri breytingartillaga Jens Garðars borin upp borin upp og samþykkt samhljóða.
Seinni tillaga Jens Garðars borin upp og felld.

Tillaga frá Jóni Birni Hákonarsyni um að stjórn SSA vinni kort sem er í anda framtíðarsýnar í landsamgöngum.

Tillaga Jóns Björns borin upp og samþykkt með megin þorra atkvæða.

Tillögur samgöngunefndar bornar upp í heild og samþykkt samhljóða.

iv) Mennta- og menningarmálanefnd

Páll Baldursson mælti fyrir tillögunum:

(1) Ályktun um mennta- og menningarmál

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 leggur áherslu á að hvergi verði hvikað frá sókn í menningar- og menntamálum sem hefur blómstrað á Austurlandi undanfarin ár.

(2) Ályktun um menningarsamninga

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 lýsir ánægju sinni með samning sveitarfélaga á Austurlandi og ríkisins í menningarmálum frá 9. janúar 2008 og skorar á menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti að standa vörð um menningarsamningana með óbreyttu

framlagi til þeirra, fyrir árið 2010 til eflingar menningar, lista og menningarferðapjónustu. Áhrif
sannings hefur verið mjög jákvæð á Austurlandi og því mjög brýnt af halda áfram á þeirri braut.

(3) Ályktun um menningarstefnu

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 hvetur sveitarfélög á Austurlandi til að vinna samkvæmt nýrri stefnu í menningarmálum sem samþykkt var á aðalfundi Menningaráðs Austurlands 7. maí 2009 og standa þannig saman að öflugri atvinnuuppbyggingu á svið menningar og lista.

(4) Ályktun um menningarmiðstöðvar

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 hvetur þau sveitarfélög á Austurlandi sem hafa menningarmiðstöðvar að standa áfram vel að rekstri þeirra til að tryggja starfsemi miðstöðvanna til framtíðar.

(5) Ályktun um Þekkingarnet Austurlands (ÞNA)

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 fagnar framþróun Þekkingarnets Austurlands. Fundurinn leggur áherslu á að haldið verði áfram að efla starfsemina með því að auka námsráðgjöf og framboð og gæði þeirra námskeiða sem íbúum standa til boða. Þá fagnar fundurinn því að ÞNA hefur, í samstarfi við sveitarfélög og framhaldsskóla á Austurlandi, unnið að þróun og uppbyggingu námsvera/þekkingarsetra á Vopnafirði og Reyðarfirði. Fundurinn telur uppbyggingu háskólanáms á Austurlandi afar jákvæðan þátt í þróun menntunar og tekur undir mikilvægi þess að auka framboð dreifnáms og blandaðs náms á háskólastigi.

(6) Ályktun um miðstöð sjávarútvegsrannsókna á Austurlandi

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 skorar á ríkisstjórnina að styrkja fræðasetrið Búland í Neskaupstað sem miðstöð sjávarútvegsþjónustu og rannsókna á uppsjávaraflla. Í því skyni efli Hafrannsóknastofnun uppsjávarrannsóknir sínar. Rannsóknir Matís í samvinnu við sjávarútvegsfyrirtækin verði auknar og starfsemi Fiskistofu verði styrkt. Rannsóknarskip Hafrannsóknarstofnunar verði staðsett á Austurlandi.

(7) Ályktun um staðbundið háskólanám

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25.-26. september 2009 fagnar áformum um þróun meistaranáms í umhverfis- og þjóðgarðastjórnun sem leitt er af Vísindagarðinum á Egilsstöðum sem getur orðið fyrsta skref í uppbyggingu háskóla á Austurlandi. Jafnframt vill fundurinn undirstrika mikilvægi þess að sérfræðingar og fagstofnanir/fyrirtæki á svæðinu taki þátt í þróun námsbrauta og námskeiða sem byggja á sérstöðu Austurlands og þeirri þekkingu og mannauði sem þar er til staðar. Aðalfundur SSA telur afar mikilvægt að staðbundið háskólanám verði að raunveruleika á Austurlandi í samstarfi fag- og fræðslustofnana, þekkingarsetra og framhaldsskóla í fjórðungnum.

(8) Ályktun um rekstur og uppbyggingu framhaldsskóla

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 leggur áherslu á að framhaldsskólarnir á starfssvæði SSA gegni lykilhlutverki í mótun mannlífs og undirbúningi ungmenna og annarra til þróttmikillar framtíðar á Austurlandi. Fundurinn felur stjórn SSA að vinna áfram að bættri aðstöðu skólanna til að gegna hlutverki sínu, m.a. til fjarkennslu og bæta þannig möguleika til náms í heimabyggð. Einnig skorar fundurinn á stjórnvöld að standa vel að uppbyggingu og rekstri framhaldsskólanáms á starfssvæði SSA. Mikilvægt er að skólunum verði gert kleift að bjóða fram fjölbreytt nám og mæta ólíkum þörfum nemenda. Þá skorar fundurinn á yfirvöld menntamála að stórefla aðstöðu til iðn- og starfsnáms á framhaldsskólastigi í fjórðungnum.

(9) Ályktun um niðurfellingu fjárframlaga

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 hvetur yfirvöld menntamála til þess að endurskoða þá afstöðu sína að fella niður fjárframlög vegna grunnskólanema sem stunda nám á framhaldsskólastigi.

(10) Ályktun um námsgagnasjóð

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 lýsir yfir áhyggjum með niðurskurð á fjárframlögum ríkisins til kaupa á námsefni í grunnskólum og krefst þess að þau verði færð til fyrra horfs.

(11) Ályktun um starfstíma framhaldsskóla

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 hvetur yfirvöld menntamála til að endurskoða starfsár framhaldsskóla á Íslandi með það að markmiði að færa upphaf skólaársins til september mánaðar og skólalok fram í júní. Með þessu er litið til hagsmuna nemenda, enda mun það auka möguleika þeirra til atvinnuþátttöku yfir sumartímamann.

Umræður: Katrín Reynisdóttir og Jens Garðar tóku til máls.

Tillaga kom frá Jens Garðari: Stjórn vinni ákveðið að ályktun um að hafrannsóknarskip og uppsjávardeild verði flutt í fjórðunginn.

Tillaga 1 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 2 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 3 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 4 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 5 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 6. Umræða um tillögu frá Jens Garðari. Afast bætist við setningin „*Rannsóknarskip Hafrannsóknarstofnunar verði staðsett á Austurlandi*“

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Bæta við:

Tillaga 7 borin upp og samþykkt samhljóða. Orðalagsbreyting. *Námsbrauta í stað námsleiða*

Tillaga 8 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 9 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 10 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 11 borin upp og samþykkt samhljóða. Orðalagsbreyting. *Til september mánaðar í stað fram í september.*

v) Byggða- og atvinnumálanefnd

Guðmundur Ólafsson mælti fyrir tillögunum:

(1) Grunnatvinnuvegir.

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 skorar á ríkisvaldið að tryggja stöðuleika í rekstarumhverfi sjávarútvegs og landbúnaðar sem eru grunnstoðir í atvinnulífi á Austurlandi.

(2) Stofnanir ríkisins á Austurlandi.

43. aðalfundur haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 lýsir þungum áhyggjum af fyrirætlunum um breytingar á rekstrarfyrirkomulagi ríkistofnana á Austurlandi sem m.a. leiða til minna vægis þeirra og skertrar þjónustu fyrir íbúa. Fundurinn varar við hugmyndum um að færa yfirstjórn embættis Skattstjóra Austurlands burtu af svæðinu. Aðalfundur SSA skorar á þingmenn kjördæmisins að slá skjaldborg um þau mikilvægu störf og þjónustu sem er á vegum stofnana ríkisins í fjórðungnum s.s. vegna heilbrigðisþjónustu, þjónustu dýralækna, í samgöngumálum, skógrækt og löggæslu. Með því að því flytja yfirstjórn málaflokka í eina miðlæga stofnun á höfuðborgarsvæðinu er verið að draga verulega úr möguleikum landsbyggðarinnar að hafa áhrif og taka virkan þátt í þróun stjórnsýslu ríkisins.

Þrátt fyrir óumflýjanlegan niðurskurð í rekstri hins opinbera þá hvetur fundurinn ríkisvaldið til að hvika hvergi frá þeim fyrirætlunum sínum um að efla enn frekar starfsemi opinberra aðila á landsbyggðinni með tilfærslu starfa og nýrra verkefna. Fundurinn fagnar þeim áföngum sem náðst hafa í þessum málum á yfirstandandi ári s.s. með opnun starfstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Austurlandi og MATÍS í Matvælamidstöðinni á Egilsstöðum.

(3) Framkvæmdir á vegum ríkisins.

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september lýsir óánægju sinni með að ekkert þeirra stóru framkvæmdaverkefna sem ríkisvaldið hyggst fara í á næsta ári, og nefnd eru í tengslum við stöðugleikasáttmála, skuli eiga að framkvæma á Austurlandi.

Á Austurlandi hefur byggst upp öflug verktakastarfsemi, en verkefnastaða er nú afar slæm og útlitið dökkt. Aðalfundur beinir þeim tilmælum til stjórnvalda að fjölga og dreifa framkvæmdaverkefnum meira en stefnt er að til að auka möguleika á þátttöku verktaka allstaðar af landinu.

(4) Skipulag ferðamála og fjármögnun.

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 fagnar breyttum áherslum í skipulagi ferðamála s.s með stofnun markaðsstofa um allt land en þannig næst að dreifa ferðamönnum betur um landið. Stuðningur hins opinbera við ferðapjónustuna hefur sannarlega skilað árangri og mun skipta sköpum fyrir þróun þessa ört vaxandi atvinnuvegar þjóðarinnar um langa framtíð. Ráðherra ferðamála er hvattur til að hvika hvergi frá áformum sínum um áframhaldandi stuðning við þennan málaflokk.

Þá skorar aðalfundur SSA á stjórnvöld að tryggja nægjanlegt fjármagn til áframhaldandi reksturs upplýsingamiðstöðva á Austurlandi.

(5) Vatnajökulsþjóðgarður

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 fagnar því að hafin sé bygging gestastofu á Skriðuklaustri fyrir austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Stjórnvöld eru hvött til að standa við gefin fyrirheit varðandi uppbyggingu og rekstur þjóðgarðsins. Mikilvægt að bæta almennt aðgengi með vegabótum og stígum, enda fylgja slíku margháttuð tækifæri til atvinnusköpunar í sátt við skipulagða náttúruvernd.

(6) Byggðastofnun og Þróunarfélag Austurlands.

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. – 26. september 2009 leggur áherslu á að starfsemi þróunarfélaga og Byggðastofnunar í landshlutunum verði eflað ennfrekar. Með því aukast möguleikar þessara stofnana til að vinna heildstætt fyrir sveitarfélögin og atvinnulífið í landshlutanum.

(7) Vaxtarsamningur Austurlands.

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 skorar á Iðnaðarráðuneytið að skýra framtíð vaxtarsamninga nú þegar enda rennur Vaxtarsamningur Austurlands út um áramót. Vaxtarsamningurinn hefur verið mikilvægur þáttur í aukinni samvinnu og uppbyggingu á svæðinu.

(8) Fjármögnun smærri fyrirtækja.

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 fagnar auknum stuðningi stjórnvalda við nýsköpun og skorar á iðnaðarráðuneytið að leita leiða til að tryggja frumkvöðlum aðgang að víkjandi lánnum til að koma viðskiptaáætlunum smáfyrirtækja í framkvæmd.

(9) Orkumál.

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. - 26. september 2009 skorar á iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að endurskoða þá miklu hækkun sem orðið hefur á rafmagni á yfirstandandi ári. SSA skorar á ríkisstjórn að beita sér fyrir jöfnuði raforkuverðs og hækkun niðurgreiðslu til þeirra sem nota raforku til húshitunar.

Fundurinn leggur áherslu á að stutt verði við átak í jarðhitaleit á köldum svæðum.

Enn fremur fagnar fundurinn því framtaki ríkisstjórnarinnar að styrkja endurbætur á íbúðarhúsnæði sem leiða til orkusparnaðar og hvetur til að haldið verði áfram á þeirri braut.

(10) Flutningssjóður olíuvara og flutningskostnaður.

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 skorar á ríkisvaldið að tryggja

fjármuni í flutningsjöfnunarsjóð olíuvara og leggi fram án tafar tillögur um jöfnun flutningskostnaðar almennt á landsbyggðinni.

(11) Sauðfjárveikivarnir.

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 mótmælir nýlegri ákvörðun Matvælastofnunar, sem staðfest hefur verið af Landbúnaðaráðuneytinu, um að fella burt sauðfjárveikivarnalínu úr Reyðarfjarðarbotni í Lagarfljót og ekki síður þeirri stjórnsýslu að hafa ekki samráð við sveitarstjórnir og hagsmunaðila á svæðinu í aðdraganda málsins.

Umræður: Þorsteinn Bergsson lagði fram breytingatillögu undir Sauðfjárveikivarnir. Eftir Reyðarfjarðarbotni komi í Lagarfljót.

Tillaga 1 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 2 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 3 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 4 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 5 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 6 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 7 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 8 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 9 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 10 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 11. Breytingartillaga ÞB borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 11 borin upp og samþykkt samhljóða.

vi) Álit fjárhagsnefndar

Gunnþórunn Ingólfssdóttir mælti fyrir tillögunum:

1. Ársreikningur SSA 2008-fjárhagsáætlun endurskoðuð 2009 og endurskoðuð áætlun 2010.

Til nefndarinnar var vísað ársreikningi SSA fyrir árið 2008, fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2010 og endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2009. Jafnframt fylgdi gögnum þessum greinargerð framkvæmdastjóra SSA með ársreikningi 2008, fjárhagsáætlun 2010 og endurskoðaðri áætlun 2009.

Fjárhagsnefndin hefur farið yfir ársreikning ársins 2008 og leggur til að hann verði samþykktur. Jafnframt hefur verið farið yfir fjárhagsáætlun ársins 2010 og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2009. Nefndin leggur til að ársreikningur 2008 og fyrirbyggjandi áætlanir verði samþykktar.

Lífeyrisskuldbindingar SSA, nema rúmunum 50 m.kr. í árslok 2008 og er hækkun ársins 2008 1,4 m.kr. gjaldfærð í ársreikningi.

Nefndin vekur athygli á að uppgjöri lífeyrisskuldbindinga vegna brotthvarfs Skeggjastaðahrepps og sveitarfélagsins Hornafjarðar er ólokið skv. ársreikningi en í vinnslu.

2. Laun stjórnar og nefnda SSA

Til upplýsinga: Laun stjórnarmanna SSA og fulltrúa í starfshóp taka mið af þingfararkaupi með eftirfarandi hætti:

Stjórnarmaður fær 3 % af þingfararkaupi á fund.

Formaður fær 6 % af þingfararkaupi á mánuði.

Fulltrúar í öðrum starfshópum fá 1,5 % af þingfararkaupi á fund.

Nefndin vekur athygli á að þingfararkaup hefur verið fært niður um 5% frá því að ákveðið var að miða stjórnarlaun við það.

Umræður: Eiður Ragnarsson tók til máls.

Tillaga 1 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga 2 borin upp og samþykkt samhljóða.

16. Kosningar

Guðmundur R. Gíslason mælti fyrir tillögu kjörnefndar

Stjórn SSA: Norðursvæði:

Guðmundur Ólafsson Fljótdalshérað
Ólafur Hr. Sigurðsson Seyðisfjörður
Ólafur Ármannsson Vopnafjörður

Baldur Pálsson Fljótdalshérað
Margrét Vera Knútsdóttir Seyðisfjörður
Anna Pála Víglundsdóttir Vopnafjörður

Stjórn SSA: Suðursvæði:

Páll Baldursson Breiðdalshreppur
Björn Hafþór Guðmundsson Djúpavogshreppur
Íris Valsdóttir Fjarðabyggð
Valdimar O. Hermannsson Fjarðabyggð

Jón Björn Hákonarson Fjarðabyggð
Andrés Skúlason Djúpavogshreppur
Eiður Ragnarsson Fjarðabyggð
Kristín Ágústsdóttir Fjarðabyggð

Skoðunarmenn ársreikninga:

1. Sigurjón Jónasson Fljótsdalshéraði.
2. Jóhanna Guðmundsdóttir Fljótsdalshéraði .

Varam. Ólafía Þ. Stefánsdóttir Seyðisfirði
Varam. Ari Bogason Seyðisfirði

Tillaga um stjórn borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga um skoðunarmenn ársreikninga borin upp og samþykkt samhljóða.

17. Önnur mál

Til máls tóku B. Hafþór Guðmundsson og Páll Baldursson.

Páll Baldursson bauð, fh. Breiðdalshrepps, til næsta aðalfundar SSA.

Arnbjörg þakkaði síðan fundarmönnum og starfsfólki fyrir góðan fund og vel unnin störf.

Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri þakkað fundarmönnum og starfsfólki fyrir góðan fund og einnig þakkaði hann fráfarandi stjórnarmönnum fyrir gott samstarf.

Fundi var síðan slitið kl. 15.05.